

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/49/25

frá 22. febrúar 2002

um breytingu á tilmælum 98/195/EB eins og þeim var síðast breytt með tilmælum
2000/263/EB um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði
(1. hluti — Verðlagning samtengingar)(*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 561)

(2002/175/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálstan aðgang að netum (ONP)⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 98/61/EB ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 9. lið tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti — Verðlagning samtengingar) ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilmælum 2000/263/EB ⁽⁶⁾, kemur fram að framkvæmdastjórnin muni endurskoða tilmælin eigi síðar en 31. desember 2000. Það kom sérstaklega fram í tilmælunum að við hæfi væri að meta sérstaklega nauðsyn þess að birta áfram gjaldskrá samkvæmt „bestu viðteknu starfsvenjum“.
- 2) Í 6. og 7. skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd löggjafar ESB um fjarskipti ⁽⁷⁾ kemur fram að stíglækkandi gjald fyrir samtengingu í bandalaginu nálgist það sem birtist í tilmælum fram-

kvæmdastjórnarinnar um bestu viðteknu starfsvenjur ⁽⁸⁾ og að rekstraraðilar, sem eru skuldbundnir til samtengingar, eigi greiðari aðgang að kostnaðar-
bókhaldskerfum og því sé frá og með 1. janúar 2002 ekki lengur talið nauðsynlegt að styðjast við aðferðina sem kennd er við „bestu viðteknu starfsvenjur“ og uppfærð gjaldskrártilmæli sem upphaflega fylgdu tilmælum 98/195/EB.

- 3) Aðrir þættir tilmælanna koma innlendum stjórn-sýslufirvöldum enn að gagni sem leiðbeiningar og ber að halda þeim.

LEGGUR TIL EFTIRFARANDI:

1. gr.

Tilmælum 98/195/EB, eins og þeim var síðast breytt með tilmælum 2000/263/EB, er breytt sem hér segir:

Ákvæði 4., 4.a, 5. og 9. liðar í tilmælunum, svo og II. viðauki við þau, falli brott.

2. gr.

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 56, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 192, 24.7.1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 295, 29.10.1997, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 73, 12.3.1998, bls. 42.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 83, 4.4.2000, bls. 30.

⁽⁷⁾ COM(2000) 814 frá 7.12.2000 og COM(2001) 706 frá 26.11.2001.

⁽⁸⁾ Síðustu tilmælin, sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út um verðvið samtengingargjalda fyrir áframsendingu símtala á föst net samkvæmt bestu viðteknu starfsvenjum, eru sem hér segir (á álagstíma, í evrum og að frátöldum virðisaukaskatti):

—fyrir staðartengingu:	0,5-0,9 sent á mínútu,
—fyrir eins áfanga tengingu:	0,8-1,5 sent á mínútu,
—fyrir tveggja áfanga tengingu (>200 km):	1,5-1,8 sent á mínútu.